



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 9.7.2025

Málsnúmer: 202506-0007

LA

Efni: Fiskvegur í jarðgöngum við Barnafoss. Matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar um Skipulagsgátt, dagsett 4. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna fiskvegar í jarðgöngum við Barnafoss. Stofnunin fékk frest að skila inn umsögn á tilsettum tíma.

Í matsáætlun segir um tilgang og markmið: „Framkvæmdin felur í sér að opna fiskveg í jarðgöngum við hlið Barnafoss þannig að nýta megi búsvæði Norðlingafljóts á 21 km svæði, upp að Bjarnafossi, fyrir laxfiska og byggja þar upp sjálfbæran laxastofn. Með því að gera Norðlingafljót fiskgengt nást markmið um stækkun á náttúrulegum búsvæðum fyrir lax, auk þess sem framkvæmdinni er ætlað að stuðla að viðhaldi Atlantshafslaxins og styrkja efnahagslegar forsendur svæðisins.“

Jarðgöngin verða annað hvort unnin um op við göngustíg að Barnafossi eða frá neðri enda (úttaksopi) þar sem leggja þarf 660–670 m langan tímabundinn slóða meðfram suðurbakka Hvítár.

Hraunfossar og Barnafoss í Hvítá voru friðlýstir árið 1987. Í reglugerð um friðlýsinguna kemur fram að mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu, er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Þá njóta hraun og fossar sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að hún geri vel grein fyrir þeim þáttum sem fjalla þarf um í mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin hefur áður veitt umsagnir vegna málsins, annars vegar 27. október 2021 vegna matsskyldufyrirspurnar og hins vegar 7. janúar 2022 sem viðbrögð við svörum framkvæmdaraðila.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í matsáætlun er gert ráð fyrir að í jarðgöngunum verði stýring á lokunarbúnaði, fiskiteljari, lýsing og hreinsun með háþrýstidælum. Þetta kallar á rafmagn en á bls. 12 segir að leggja þurfi heimtaug að göngunum. Stofnunin telur mikilvægt að gerð sé skýrari grein fyrir legu rafstrengsins að framkvæmdasvæðinu og mögulegum umhverfisáhrifum tengdum því.

Gera þarf vel grein fyrir lífríki Norðlingafljóts og meta möguleg umhverfisáhrif á vistkerfi vegna tilkomu laxfiska sem ekki hafa verið þar áður. Í matsáætlun er stuðst við eldri rannsóknir á laxaseiðum (2000), smádýralífi (1978 og 1989) og veiðitölum (2009). Stofnunin telur rétt að uppfæra rannsóknir á stöðu lífríkis Norðlingafljóts og nýta þær til að meta umhverfisáhrif á það.



Þar sem um er að ræða framkvæmdir innan friðlýst svæðis er þörf á viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa og áætlun um frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan friðlýst svæðis og hún mun raska náttúrufari. Óvissa ríkir um áhrif framkvæmda vegna jarðgangnagerðar og áhrif tilkomu laxfiska á vistkerfi Norðlingafljóts. Framkvæmdin er jafnframt þess eðlis að erfitt er að sjá að brýnir samfélagslegir hagsmunir krefjist hennar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun um fiskveg við Barnafoss.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur